

# Tillaga til kosningu

Kæri starfsmaður,

Um áramót tekur gildi ákvæði um vinnutímastyttingu samkvæmt kjarasamningum. Grunnstyttingin er 13 mínútur á dag. Henni er hægt að safna saman í lengri samfellda styttingu. Einnig er hægt að afsala yfirráðum yfir kaffitímum og stytta vinnuvikuna um allt að 4 klst, úr 40 klst í 36 klst miðað við 100% starfshlutfall. Full stytting felur í sér að í húsinu verður **lágmarksmönnun** þá daga sem vinnutímastytting er í gangi.

Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki sviðsstjóra.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 11.- 16. desember. Er hún leynileg.

## Kosning um vinnutímastyttingu:

Vinsamlegast settu atkvæði þitt á þá útfærslu sem þú vilt innleiða frá og með 1. janúar 2021.

**Tillaga #1.** Grunnvinnutímastyttingu safnað saman ásamt seinni kaffitíma úttektardaginn og tekin út aðra hverja viku (stytting allt að 145 mín, 2 klst og 25 mín).

**Tillaga #2.** Grunnvinnutímastyttingu safnað saman ásamt seinni kaffitíma úttektardaginn og tekin út þriðju hverju viku (stytting allt að 210 mín, 3 klst og 30 mín).

**Tillaga #3.** Full vinnutímastytting tekin út aðra hvora viku (stytting allt að 240 mínútur, 4 klst á viku). Kaffitímar seldir og neysluhlé tekin upp. Starfsmaður er heima einn dag í annarri hvorri viku, út frá starfshlutfalli hans.


## Endurskoðun:

Sú leið sem fyrir valinu verður mun taka gildi 1. janúar 2021, háð samþykki sviðsstjóra, og verður prufukeyrð í þrjá mánuði. Fyrirkomulagið verður endurskoðað í kringum mánaðarmótin febrúar/mars 2021.

# Niðurstaða kosningu

**Svarhlutfall: 76%**

## Hvaða tillögu ert þú hlynnt/hlynntur?



Mean : 2.714 | Confidence Interval @ 95% : [2.525 - 2.904] | Standard Deviation : 0.572 | Standard Error : 0.097



### OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg

Höfundur:

Signý Harpa  
Hjartardóttir

Málsheiti: Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg

Málsnúmer:

[2012144](#)